

Breytingartillögur

við frv. til l. um aðild starfsmanna að evrópskum samvinnufélögum.

Frá félagsmálanefnd.

1. Við 4. gr. Síðari málsliður orðist svo: Í því felst meðal annars að láta skal fulltrúum starfsmanna í té upplýsingar um heiti lögaðilanna, sem taka þátt, og dótturfyrirtækja eða starfsstöðva og fjölda starfsmanna þeirra.
2. Við 5. gr. Í stað orðsins „aðilum“ í b-lið 2. mgr. komi: fulltrúum.
3. Við 6. gr. Fyrri málsliður 2. mgr. orðist svo: Þeir sem rétt eiga til að taka þátt í kjöri fulltrúa til setu í sérstöku samninganefndinni skulu kjósa hann úr sínum hópi.
4. Við 10. gr. 2. mgr. orðist svo:
Aðilar geta komið sér saman um að framlengja samningaviðræður fram yfir þann tíma sem um getur í 1. mgr. í allt að eitt ár frá stofnun sérstöku samninganefndarinnar.
5. Við 14. gr. Greinin orðist svo:
Um málsmeðferð við samningaviðræður skal fara samkvæmt löggjöf þess aðildarríkis þar sem til stendur að skráð skrifstofa evrópska samvinnufélagsins verði nema annað leiði af ákvæðum þessara laga eða eðli máls.